

Reykjavík 1. apríl 2020

Ágæti viðtakandi

Í ljósi samkomubanns og takmarkana sem nú eru í gildi á skólastarfi vilja almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við skólastjórnendur og fræðsluaðila:

- **Blöndun hópa í skólastarfi**

Samkvæmt leiðbeiningum sérfræðinga hjá embætti landlæknis mega kennarar skipta um nemendahóp sé þess brýn þörf, best er þó ef hægt er að forðast slíkt. Jafnframt er heimilt að sameina litla hópa, en miða þá við hámark 20 nemenda í hóp í grunnskólum og 10-15 nemendur í hóp í leikskólum. Í báðum tilfellum er æskilegt að helgi skilji á milli sé það hægt og að tekið sé tilliti til heilsufars í hópunum. Embætti landlæknis leggur áherslu á mikilvægi þess að kennarar séu ekki reglulega með marga hópa, slíkt vinnur gegn tilgangi hópaskiptinga.

- **Nemendur á forgangslistum**

Athugið að forðast skal að blanda saman hópum nemenda sem eru á forgangslistum. Reyna skal eftir fremsta megni að halda börnum foreldra sem njóta forgangs í skólum í sínum hópi. Undanþágur hafa verið veittar til þess að fámennir hópar nemenda á forgangslista (1-3 börn) séu sameinaðir öðrum nemendahópi. Nú er í gildi [10. útgáfa forgangslistans](#).

- **Verklag smitrakningateymis**

Ef upp kemur smit í skóla hefur smitrakningateymi sóttvarnarlæknis samband við skólann, spyr út í aðstæður og samskipti þess smitaða og kallar eftir upplýsingum frá skólastjórnendum, m.a. um kennitölur, nöfn, símanúmer þeirra sem haft hafa tengsl við þann smitaða. Í framhaldinu gefur smitrakningateymið upplýsingar um lengd sóttkvía og nánari leiðbeiningar fyrir starfsfólk, nemendur og aðstandendur. Sjá nánar [hér](#).

- **Næstu skref**

Almennt hefur gengið vel að vinna eftir nýju skipulagi sem sóttvarnarráðstafanir hafa kallað á og færum við skólastjórnendum, kennurum og starfsfólki skóla þakkir fyrir elju þeirra og þolinmæði, og fyrir vera boðin og búin að leysa úr þeim málum sem upp koma. Að öllu óbreyttu er ráðgert að sama fyrirkomulag haldi áfram að loknu páskaleyfi en nánari upplýsingar verða veittar á allra næstu dögum.